

13. apríl 2018.

Bæjarstjórinn í Kópavogi,
- Hr. Ármann Kr. Ólafsson –
armann@kopavogur.is

Bæjarstjórinn í Garðabæ
- Hr. Gunnar Einarsson –
gunnar@gardabaer.is

Efni: Varðar hestamannafélagið Spret.

Ég vísa til funda sem forráðamenn hmf. Spretts hafa átt með ykkur nú nýlega, en á þeim fundum var m.a. rætt um fyrirhugað Landsmót hestamanna, sem haldið verður á félagssvæði Spretts sumarið 2022, eða eftir liðlega fjögur ár. Landsmótið verður að öllum líkindum haldið í fyrstu viku júlí mánaðar. Landsmót hestamanna er tvímælalaust stærsti viðburðurinn sem varðar íslenska hestinn og Landsmót sækja þúsundir gesta, en þeirra á meðal eru fjölmargir erlendir gestir.

Landsmót hefur ekki áður verið haldið á félagssvæði Spretts og er okkur mikið kappsmál að öll umgjörð og framkvæmd mótsins verði okkur og bæjarfélögunum, Garðabæ og Kópavogi til mikils sóma. Svæðið er að okkar mati, besta svæðið á landinu til þess að halda Landsmót, en framkvæmd sem þessi kallar þó á töluverðan undirbúning og ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Það liggur fyrir að það þarf að fara í ýmsar framkvæmdir til þess að ljúka við svæðið og gera það tilbúið til þess að taka við þeim fjölda gesta og keppenda sem sækja munu Landsmótið. Við teljum mikilvægt að öllum framkvæmdum vegna frágangs svæðisins verði lokið á árinu 2021, en framkvæmdatími yrði einkum á árunum 2019 – 2021. Með bréfi þessu óskum við formlega eftir aðkomu bæjarfélaganna að undirbúningi Landsmótsins á árinu 2022 og förum við fram á að gengið verði frá viljayfirlýsingu í því skyni á milli hmf. Spretts, Garðabæjar og Kópavogs.

Á þessu stigi er ekki hægt að tilgreina nákvæmlega í hvaða framkvæmdir þarf að fara, en við teljum að skipa þurfi starfshóp sem í eigi sæti fulltrúar Kópavogs, Garðabæjar og Spretts og starfshópurinn hefji störf nú síðsumars. Verkefni starfshópsins verði að gera tillögur um í hvaða framkvæmdir þurfi að fara og vinna að öðrum þáttum undirbúningsins þar sem þörf er á aðkomu bæjarfélaganna.

Dagur íslenska hestsins um allan heim er 1. maí ár hvert. Við teljum að það væri vel til fundið að skrifa undir viljayfirlýsingu um þetta þríhliða samstarf á þeim degi, en dagurinn verður haldinn hátíðlegur í reiðhöll okkar við Hestheima.

Virðingarfyllst,
f.h. hmf. Spretts,

Lásur Finnbogason,
gjaldkeri stjórnar.